

Fundargerð

Formaður setti fund í landbúnaðarnefnd, 1. mars 01, kl. 20:00.

Mættir. Ágúst Guðröðarson, Marínó Jóhannsson, Magnús Már Þorvaldsson, Gunnlaugur Ólafsson, Sverrir Möller.

Kvótalan.

Formaður skýrði frá að allir væru búnir að greiða upp kvótalánið utan einn, sem bændur keyptu á sínum tíma. Ávallt var greitt inn á bók í nafni Þórshafnarhrepps og munu nú standa eftir vextir, er sveitarstjóra falið að skipta þeim niður á bændur hlutfallslega í samráði við Sparisj. Þórsh.

Uppgjör fjallskila 2000 vísað til fylgiplaggs.

Marínó taldi ekki vera á hreinu skiptingu kostnaðar milli bænda og sveitarfélags varðandi rekstur kofa og annars. Engin kom með ábendingu um rangfærslur, málið afgr.

Fjallvegir.

Lögð fram öll afrit af stöðu fjallvega frá 1995. Framlög vega 95 – 2000 = 4.714.000,- millj. Gjöld samkvæmt bókhaldi samtals 5.401.701,- Mismunur 687.709,- kr. Krafðist Marínó sundurliðunar hvað margar krónur hafi farið í hvern veg fyrir sig, auk þess kom sérmerkt fjárveiting 99 í Langanesveg að upphæð 1.000.000,- og verður því mismunur jákvæður. Tók Magnús Már að sér að koma sundurliðun fjárveitinga til einstakra vega á blað til gleggri skoðunar. Stakk Ágúst upp á 3 mönnum til að sækja um fé í vegi þetta ár. Magnús sjálfkjörinn, Marínó og Sverrir. Sveitarstjóra falið ásamt hreppsnefnd að tryggja skýlausan rétt íbúa sveitarfélagsins til viðhalds og merkinga slóða bæði vegslóða samanber forna reið og umferðar gatna. Á fundinum komu fram tillögur að sækja um 1.700.000,- í eyðibýlavegi 850.000,- talin þörf. 1.000.000,- í Heiði, 500.000 tali þörf. Á næsta fund. Réttarmál réttarnefnda og umsókn vegna vega, kynnt næst.

Fundur á löglegum tíma.

Fundi slitið kl. 22:10.

Sverrir Möller, ritari.